

*Aðalfundur  
Ungmennafélags  
Njarðvíkur 2016*



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

BOLTI GEGN BÓLI - HREÝSTI TIL HAGSÆLDAR

*Haldinn fimmtudaginn 16.mars 2017  
kl. 19:30 í íþróttahúsinu í Njarðvík*



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

## Efnisyfirlit

### 1.0 Aðalfundur 2016

#### 1.1 Dagskrá aðalfundar

### 2.0 Skýrsla stjórnar

#### 2.1 Aðalstjórn 2016 – 2017

#### 2.2 Nefndir á vegum félagsins

##### 2.2.1 Þorablótsnefnd

##### 2.2.2 Framtíðarsýn UMFN

#### 2.3 Starfssemi aðalstjórnar

##### 2.3.1 Unglingalandsmót UMFÍ

##### 2.3.2 Landsmót 50+

##### 2.3.3 Landsmót UMFÍ

##### 2.3.4 Sport og ævintýraskóli

##### 2.3.5 Samráðsfundur UMFÍ

##### 2.3.6 Styrktarreglur UMFN

##### 2.3.7 Framtíðarsýn UMFN

##### 2.3.8 Þorablót

##### 2.3.9 Fundir aðalstjórnar

### 3.0 Starfssemi deilda

#### 3.1 Knattspyrnudeild

#### 3.2 Körfuknattleiksdeild

#### 3.3 Massi – líksamræktar og kraftlyftingadeild

#### 3.4. Sunddeild

#### 3.5 Judódeild

#### 3.6 Þríprautardeild

### 4.0 Þakkarorð

## Efnisyfirlit framhald...



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

## 5.0 Íþróttafólk Ungmennafélags Njarðvíkur 2016

- 5.1 Íþróttakarlar og íþróttakona UMFN 2016
- 5.2 Knattspyrnukarlar UMFN 2016
- 5.3 Körfuknattleikskarlar og körfuknattleikskona UMFN 2016
- 5.4 Kraftlyftingakarlar og kraftlyftingarkona UMFN 2016
- 5.5 Sundkona UMFN 2016
- 5.6 Júðókarlar og júðókona UMFN 2016
- 5.7 Þríþrautakarlar og þríþrautarkona UMFN 2016

## 6.0 Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2016

- 6.1 Körfuknattleiksdeild
- 6.2 Massi – lyftingar og líkamsræktardeild
- 6.3 Sunddeild
- 6.4 Knattspyrnudeild
- 6.5 Júðódeild
- 6.6 Þríþrautardeild

## 7.0 Heiðursviðurkenningar

- 7.1 Ólafsbikar
- 7.2 Gullmerki með lárviðarsveig
- 7.2 Gullmerki
- 7.3 Silfurmerki
- 7.4 Bronsmerki
- 7.5 Aðrar viðurkenningar

## 8.0 Reikningar félagsins 2016

- 8.1 Áritun bókhaldsstofu
- 8.2 Skýrsla og áritun stjórnar
- 8.3 Áritun skoðunarmanna reikninga
- 8.4 Rekstrarreikningur
- 8.5 Efnahagsreikningur
- 8.6 Sjóðsstreymisreikningar
- 8.7 Sundurliðanir

## 9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

## 1.0. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins haldinn 16.mars 2017 í Íþróttahúsinu í Njarðvík kl. 19:30

### 1.1. Dagskrá fundar

1. Fundur settur.
2.
  - Kosning fundarstjóra
  - Kosning fundarritara
  - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
  - Ávarp formanns
  - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2016
  - Lagabreyting
2. Heiðursviðurkenningar.
3. Ávarp gesta.
4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
5. Önnur mál.
6. Fundarslit.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

## 2.0. Skýrsla stjórnar Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir starfsárið 2016

### 2.1 Ungmennafélag Njarðvíkur – aðalstjórn 2016-2017

Ólafur Eyjólfsson, formaður  
Einara Lilja Kristjánsdóttir, varaformaður  
Ágústa Guðmarsdóttir, gjaldkeri  
Anna Andrésdóttir, ritari  
Jenný L. Lárusdóttir meðstjórnandi  
Thor Hallgrímsson, varamaður  
Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, varamaður

#### Skoðendur reikninga voru

Kristín Örlygsdóttir  
Valþór Söring  
Ingigerður Sæmundsdóttir til vara

### 2.2. Nefndir á vegum félagsins

#### 2.2.1 Þorablótsnefnd

Hlutverk nefndarinnar er undirbúningur og framkvæmd þorablóts félagsins. Í nefndinni áttu sæti; Gulla Olsen (kraftld., og formaður), Anna María Jónsdóttir og Sigurrós Antonsdóttir (sundd.), Guðrún Bjarnadóttir og Björgvin Jónsson (júdó.), Rósinkar Ólafsson og Kristinn Hreiðarsson (þríþrautard.), Jón Einarsson og Þórdís Ingólfssdóttir(knd) Helga Jónsdóttir og Jónína Margrét Hermannsdóttir (kkd) Jenný L.Lárusdóttir (aðalstjórn) og (Einara L. Kristjánsdóttir, aðalstjórn v/sérverkefnis)

### 2.3. Starfssemi aðalstjórnar

- 2.3.1 Unglingalandsmót
- 2.3.2 Landsmót 50+
- 2.3.3 Landsmót UMFÍ

Á síðasta ári voru haldin tvö landsmót, 50+ og Unglingalandsmót. Ungmennafélag Njarðvíkur átti þátttakendur á báðum mótunum.

Landsmót 50+ verður í Hveragerði dagana 23.-26.júni 2017 og Unglingalandsmótið verður á Egilsstöðum dagana 4.-6.ágúst 2017 Við hvetjum okkar félagsfólk að fjölmenna á bæði mótin og eiga skemmtilega stund saman.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

#### 2.3.4 Sport og ævintýraskóli

Sport og ævintýraskóli fyrir börn frá 6-12 ára er orðinn fastur liður hjá félaginu í uppbyggingarstarfinu. Námskeiðin tókust mjög vel undir forystu Andrésar Þórarins Eyjólfssonar íþróttافرæðings. Reykjanesbær sá sér ekki fært að styrkja verkefnið að þessu sinni, sem er miður, en verður vonandi hægt síðar. Nánar um framkvæmd verkefnisins er að finna í skýrslu forstöðumannsins sem fylgir hér með.

#### 2.3.5 Samráðsfundur UMFÍ

40. samráðsfundur UMFÍ var haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016. Fulltrúi félagsins að þessu sinni var Ólafur Eyjólfsson formaður. Kynnt var stefna UMFÍ um heildstæða stefnumótun eftir greiningarvinnu á stöðu hreyfingarinnar. Yfirskrift stefnunnar er „Samfélaginu til góða“

#### 2.3.6 Styrktarreglur UMFN

Aðalstjórn veitti nokkra styrki á starfsárinu í samræmi við reglur þar. Er styrkja nánar getið í ársreikningum félagsins.

- Þar sem fjölmargar styrktarbeiðnir bárust aðalstjórn ákvað stjórnin að setja ákveðnar reglur í þessu sambandi. Voru því neðangreindar reglur settar á fundi þann 22. september 2009.
- UMFN úthlutar styrkjum til afreksmanna sinna, samkvæmt umsóknum sem berast frá formönnum deilda og eru styrkhæf verkefni þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum með landsliðum Íslands ef kostnaður vegna fararinnar er ekki greiddur að fullu af viðkomandi sérsambandi.
- Styrkur vegna tímabilsins 2016-2017 hefur verið ákveðinn 25.000,- krónur.
- Aðalstjórn UMFN fjallar sérstaklega um styrki vegna Ólympíuleika.
- Deildir UMFN eru fjárhagslega sjálfstæðar samkvæmt lögum félagsins og hafa tekjur af félagsgjöldum iðkenda sinna og ágóða af íþróttamótum og öðrum fjáröflunum. Deildir félagsins bera ábyrgð á útgjöldum\* sínum og er uppsafnaður rekstrarvandi EKKI styrkhæfur.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

\*Dæmi um útgjaldaliði: Kostnaður við þjálfun (laun og fræðsla), keppnisbúningar, dómgæsla, ferðakostnaður og hver sá búnaður sem þarf til æfinga og keppni.

#### 2.3.7. Framtíðarsýn UMFN

Til fyrsta fundar var boðað og verður hann í janúar 2017. Mjög ánægjulegt að nefndin skuli vera byrjuð á þessu mikla verkefni, sérstaklega í ljósi þess að Íþrótt- og tólmstundaráð Rnb í samtarfi við Íþróttabandalag Reykjanesbæjar var að kalla eftir stefnumótun aðildarféлага ÍRB. Björgvin Jónsson var búinn að gera úttekt á aðstöðu og notkun húsanæðis félagsins og mun nefndin styðast við þá skýrslu.

Í nefndinni sitja, Alexander Ragnarsson, Ólafur Eyjólfsson formaður UMFN, Ólafur Thordersen og Rósinkars Ólafsson.

#### 2.3.8 Þorablót

Þorablót félagsins var haldið í félagsaðstöðu Ungmennafélagsins sjötta árið í röð. Þessi tilhögun krefst mikils undirbúnings sem hin ágæta þorablótsnefnd leysti af hendi með miklum sóma. Félagsmenn frá öllum deildum komu að uppsetningu salarins. Hinn sanni félagsandi endurspegladist þar á glæsilegan hátt við að gera salinn eins glæsilegan og hægt var. Bæjaryfirvöld, íþróttafulltrúi, forstöðumaður íþróttahúsins og starfsfólk eiga sérstakar þakkir skyldar fyrir einstaklega gott viðmót og hjálpsemi við framkvæmdina. Blótið sjálft tókst einstaklega vel, um 420 manns sóttu það og var uppselt í lok nóvember. Vinna við næsta blót er hafin.

#### 2.3.9 Fundir aðalstjórnar

Stjórn félagsins hélt 7 bókaða fundi ásamt því að stjórnarmenn sátu hina ýmsu fundi í kringum þau verkefni sem unnið var að. Fastur fundartími er annar miðvikudagur hvers mánaðar kl. 17:30-19:00. Haldnir voru tveir fundir með formönnum deilda. Varamenn stjórnar sækja alla fundi stjórnarinnar og eru þeir því vel inn í öllum málefnum sem á baugi eru hverju sinni.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

### 3.0 Starfsemi deilda

#### 3.1. Knattspyrnudeild

##### Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar UMFN 2016

Stjórn deildar 2016 – 2017

Á aðalfundi deildar fyrir réttu ári síðan var kosin ný stjórn Knattspyrnudeildar UMFN. Hana skipa:

Jón Einarsson formaður

Viðar Einarsson

Árni Þ. Ármannsson

Andrés Ottósson

Svanur Þorsteinsson

Auk þess var skipað unglingaráð sem Bjarni Sæmundsson stýrir.

Fjármál

Rekstur deildarinnar hefur verið í ágætu jafnvægi síðasta árið. Unnið hefur verið ötullega í að auka tekjur deildarinnar með nýjum fjáröflunum, auk þess hafa tekjur af mörgum fjáröflunum sem byggðar hafa verið upp jafnt og þétt undanfarin ár skilað auknum tekjum.

Stór liður rekstri deildarinnar eru fjáraflanir sem deildin heldur utan um. Má þar nefna framkvæmd yngri flokka móta í Reykjaneshöll í upphafi hvers árs. Þessi mót eru gríðarlega fjölmenn, líklega hafa rúmlega 1400 þátttakendur sótt þessi mót sem deildin hélt. Sýnir þessi gríðarlegi fjöldi hversu umfangsmikið starf deildarinnar er orðið.

Aðrar fjáraflanir sem hafa skilað deildinni drjúgum tekjum eru t.d. útgáfa jólablaðs, steikarkvöld, happdrætti, útleiga á bílastæðum til bílaleiga, auglýsingasala ásamt ýmsum





UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

öðrum tilfallandi fjáröflunum. Bætt hefur verið í með þær fjáraflanir sem fyrir eru, og stofnað til nýrra. Hefur stjórn deildarinnar reynt eftir bestu getu að afla fjár sem því verður við komið. Mikil vinna fer í að afla fjár til rekstursins.

Ekki má gleyma þætti Reykjanesbæjar í rekstri deildarinnar. Deildin er með samning við sveitarfélagið um rekstur íþróttasvæða deildarinnar við Afreksbraut. Undir þann rekstur fellur öll umhirða svæðanna, s.s. sláttur, áburðagjöf og önnur umhirða sem snýr að æfinga og keppnissvæði. Einnig er innifalið í þessum samningi umsjón með rekstri íþróttavallarhúss. Hefur félagið lagt sig fram um að sinna þessum þætti sem best og á sem hagkvæmastan hátt.

Velta deildarinnar þegar allt er tekið með, var um 50 milljónir á síðasta ári. Ljóst er að vel þarf að halda á spilum, gæta aðhalds í rekstri og vera sífellt með fjáraflanir í gangi svo endar nái saman. Fjölgun iðkenda, meiri kröfur og samkeppni um iðkendur kallar á meiri umsetningu og veltu.

Gríðarleg ferðalög fylgja keppni meistaraflokks félagsins í 2. deild. Skiptir þessi ferðakostnaður milljónum og er einn helsti einstaki útgjaldaliður deildarinnar.

Deildin réðst í það verkefni síðasta vor að fjármagna og festa kaup á nýrri og öflugri sláttuvél, sérstaklega ætlaðri til að slá og sjá um umhirðu á æfinga og keppnissvæði félagsins. Slík tæki eru dýr í innkaupum. Æfinga og keppnissvæði eru mikið nýtt og því mikilvægt að hafa til staðar góð áhöld til viðhaldar á vallarsvæði félagsins. Mun þetta skila deildinni aukinni hagkvæmni á komandi árum. Áður var þessi þjónusta keypt út, nú á deildin áhöld til að sinna þessum hlutum sjálf.

Hagnaður deildarinnar á síðasta ári var rúmar fimm milljónir. Verður það að teljast góð niðurstaða. Stjórn deildarinnar hefur leitast við að gæta aðhaldssemi og sparnaðar, auk þess sem nýtt hafa verið þau tækifæri sem boðist hafa til að afla fjár og stjórn deildarinnar hefur lagt sig eftir og unnið að.

Fjármál verða alltaf kjölfestan í rekstri hvers íþróttafélags. Knattspyrnudeild UMFN hefur átt því láni að fagna, svo til undantekningalaust, að gætt hefur verið aðhalds í rekstri. Hefur stjórn deildarinnar reynt að vinna eftir þeirri stefnu.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

### Meistaraflokkur

Meistaraflokkur lék í 2. deild síðasta sumar. Gerðar voru nokkrar væntingar um að góður árangur myndi nást. Árangur liðsins olli hins vegar nokkrum vonbrigðum. Í lok móts komst stjórn deildarinnar að samkomulagi við þáverandi þjálfara um að láta af störfum. Fékk stjórn deildarinnar Rafn Vilbergsson til að taka við stjórn liðsins. Endaði liðið í 8. Sæti. Ákveðið var að ganga til samninga við Rafn Vilbergsson um að hann myndi þjálfa meistaraflokk félagsins áfram. Honum til aðstoðar verður Snorri Már Jónsson. Þeir félagar þekkja vel til félagsins, báðir spilað um árabíl með meistaraflokk félagsins. Gerir stjórn deildarinnar sér vonir um að á komandi tímabili muni félagið blanda sér í toppbaráttu 2. deildar.

### Yngri flokka starf

Njarðvík tefldi fram sameiginlegu liði með grönnum úr Keflavík síðasta sumar í 2. flokki, eins og undanfarin ár. Var ákveðið að framlengja því samstarfi sem verið hafði haustið 2015. Varð árangur sameiginlegs liðs nokkuð góður síðasta sumar. M.a. lék sameiginlegt lið félaganna til úrslita í bikarkeppni KSÍ þann 27. september sl. Skömmu síðar slitu Keflavíkingar samstarfinu, svo til fyrirvaralaust. Kom þetta stjórnarmönnum deildarinnar nokkuð í opna skjöldu, voru skýringar forsvarsmanna Keflvíkinga þær, að árangur hafi verið góður, en samstarf ekki gengið nægilega vel. Hefur deildin verið að vinna í málum 2. flokks síðan til uppsagnar kom, töluvert högg er um að ræða, nokkrir efnilegir leikmenn sem hafa spilað í gegnum alla yngri flokka hafa nú yfirgefið félagið. Maður kemur engu að síður í manns stað. Hafa yngri leikmenn félagsins verið að láta til sín taka með meistaraflokki að undanförunu og ber stjórn deildarinnar miklar vonir til þessara leikmanna.

Yngri flokkastarf félagsins er í góðum höndum undir stjórn formanns Barna- og unglingaráðs, Bjarna Sæmundssonar. Mikil fjöldi iðkenda er í öllum flokkum og aukning iðkenda í öllum flokkum milli ára. Tefldi deildin fram liðum í öllum yngri flokkum. Kann stjórn deildarinnar þeim mörgu aðilum sem koma að starfi yngri flokka bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

### Umfang og rekstur

Stjórn deildarinnar finnst rétt að geta þess, hversu mikið starf er unnið á vegum deildarinnar. Rekstur og umfang er fyrir löngu síðan orðið að heilsársrekstri. Iðkendum fjölgar, kröfur eru sífellt að aukast. Stjórn deildarinnar hefur í mörg undanfarin ár notið starfskrafta



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

framkvæmdastjóra félagsins, Leifs Gunnlaugssonar. Hefur framkvæmdastjórinn á sinni könnu daglegan rekstur, s.s. fjáraflanir, vallarumhirðu, samskipti við Reykjanesbæ, KSÍ. Í raun væri of langt mál að telja upp þau mál sem framkvæmdastjóri deildarinnar kemur ekki nálægt. Ber að þakka framkvæmdastjóra sérstaklega mikið og óeigingjarnt starf á undangengnum árum. Má þakka honum að öðrum ólöstuðum traustan fjárhag deildarinnar ásamt þeirri frábærri aðstöðu sem félagið getur boðið sínum iðkendum upp á, en aðstaða deildarinnar er talin ein sú besta á landinu.

Að mati stjórnarinnar er nú komið að ákveðnum tímamótum. Umfang og rekstur deildarinnar er orðin með því móti að skoða verður í fullri alvöru að bæta við starfsfólki á launaskrá deildarinnar. Í dag er Njarðvíkurhverfið að nálgast 8000 íbúa og fjölgar stöðugt. Með sama áframhaldi verða íbúar orðnir um tíu þúsund áður en langt um líður. Ljóst má vera að sú aðstaða og sá mannaflí sem félagið býr yfir í dag, dugur ekki til að mæta þessari auknu eftirspurn. Þarf að huga að þessum málum í náinni framtíð.

Lokaorð

Rekstur deildarinnar hefur í gegnum árin staðið vel. Engin breyting varð á því á síðasta ári. Meistaraflokkur félagsins leikur í 2. deild í sumar. Hugur stjórnar, leikmanna og þjálfara stendur til að spila í 1. deild að ári.

Í lok starfsárs hafa þeir Andrés Ottósson og Svanur Þorsteinsson ákveðið að gefa ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu. Eru þeim félögum þökkuð vel unnin störf á síðasta ári.

Stjórn Knattspyrnudeildar UMFN hefur á síðasta ári skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn menntaðra og hæfra leiðbeinenda, þar sem forvarnagildi íþróttar er haft að leiðarljósi.

Vill stjórn Knattspyrnudeildar UMFN að lokum þakka þeim fjölmörgu aðilum sem lögðu hönd á plóginn á síðasta ári.

F.h. Stjórnar knattspyrnudeildar UMFN

Jón Einarsson

Formaður



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

### 3.2. Körfuknattleiksdeild

#### Skýrsla stjórnar kröfuknattleiksdeildar UMFN 2016

Meistaraflokkur kvenna spilaði í 1. deild á síðasta keppnisári. Liðið var mikið til samsett af ungum stelpum sem að mestu leiti ólust upp í Njarðvík. Um áramót var tekin sú ákvörðun að ráða erlenda leikmanninn Carmen Tyson Thomas, markmiðið var sett á að komast upp og leika í deild þeirra bestu. Liðið spilaði vel en leikir á móti Þór á Akureyri og KR gerðu það að verkum að liðið komst ekki í úrslitakeppni 1. deildar. Svekkjandi niðurstaða þar sem stelpurnar höfðu sigrað bæði liðin sem léku til úrslita þetta árið.

Friðrik Ingi Rúnarsson þjálfari meistaraflokka karla og kvenna sagði starfi sínu lausu eftir tímabilið, Agnar Mar Gunnarson aðstoðarþjálfari Friðriks tók því við liðinu sem aðalþjálfari. Agnar hafði aldrei starfað sem aðalþjálfari meistaraflokks og því mikil áskorun fyrir hann.

Um mitt sumar ákvað Hamar að draga keppnslið meistaraflokks kvenna úr keppni í Dominosdeildinni, KR sem fékk boð um að taka það sæti ákvað að hafna boðinu. Stjórn, þjálfari og leikmenn meistaraflokks funduðu um málið og ákváðu í sameiningu að taka boðinu. Stelpurnar settu sér raunhæf markmið og æfðu vel allt sumarið. Stjórn og þjálfari fóru strax í þá vinnu að styrkja liðið með reyndari leikmönnum, sú þraut reyndist þó mjög erfið. Flestir leikmenn höfðu þegar skrifað undir hjá öðrum liðum. Stelpurnar okkar framlengdu flestar sínum samningum ásamt Carmen Tyson Thomas, og Guðlaug Björt Júlíusdóttir ákvað einnig að hafa félagaskipti frá Keflavík en þó með þeim fyrirvara að hún gæti farið í skóla til Bandaríkjana sem varð svo raunin. Stelpurnar æfðu vel allt sumarið og létu ekki spá „spekinga“ hafa áhrif á sig og settu sér raunhæf markmið fyrir komandi tímabil. Spáin svokallaða sagði að þær myndu ekki vinna leik féll í fyrstu umferð þar sem Njarðvík sigraði Val á heimavelli 77-74. Þegar þetta er skrifað sitja þær í 5-6 sæti deildarinnar með 10 sigra og 20 stig. Carmen Tyson Thomas var kosinn leikmaður fyrri umferðar, en þó svo að hún hafi verið afgerandi í flestum tölfræðiþáttum þakkaði hún ætíð liðsfélagum sínum fyrir sinn þátt. Um áramót gekk Linda Rós Róbertsdóttir til liðsins frá Tindastól.

Liðið er öruggt með sitt sæti í deildinni á næsta tímabili sem var fyrsta markmiðið sem stelpurnar settu sér í byrjun tímabils. Leikmenn fengu að spreyta sig í Dominosdeildinni



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

og verður sú reynsla aldrei tekin frá þeim. Það er mat undirritaðs að framtíð þessara stúlkna sé björt og verður spennandi að sjá þær á næstkomandi tímabili þar sem þær hafa bætt sinn leik og fengið reynslu og sjálfstraust.

Meistaraflokkur karla fékk einnig nýjan þjálfara fyrir tímabilið. Daniel Guðni Guðmundsson heimamaður sem leikið hafði með Grindavík og þjálfað meistaraflokk kvenna á sama stað síðasta tímabil tók við liðinu. Fyrstu skref Daniels sem aðalþjálfari meistaraflokks karla, en hann var spenntur fyrir verkefninu. Allir ungu stákarnir framlengdu sínum samningum og þeir Hermann Ingi og Gabríel Möller gerðu nýjan samning. Haukur Helgi Pálsson framlengdi einnig samningi sínum eftir síðasta tímabil, en hann var valinn besti leikmaður tímabilsins. Haukur var þó með ákvæði í samningi um að hann mætti fara frá félaginu fengi hann álitlegt boð frá Evrópu sem varð raunin.

Leikmennirnir Ólafur Helgi Jónsson og Magic S. Baginski sem spiluðu með yngriflokkum sem og m.fl Njarðvíkur ákváðu að ganga í raðir Þórs Þorlákshafnar en fyrrum þjálfari Njarðvíkur þar er Einar Árni Jóhannsson. Þá ákvað Hjörtur Einarsson einnig að taka sér frí frá íþróttinni vegna anna. Hjörtur spilaði þó þrjá leiki á tímabilinu.

Eftir misheppnaðar tilraunir stjórnar til að ráða íslenskan miðherja um sumarið var gengið til samninga við erlenda leikmanninn Corbin Jackson. Corbin hafði leikið við góðan orðstýr í háskóla í USA og var þar hve þekktastur fyrir varnartilburði sína. Þegar á klakann var komið virðist kappinn hafa gleymt þeim heima. Hann náði aldrei takti við liðið né deildina og ákvað stjórnin því að slíta samsarfinu. Jeremy Atkinson sem hafði spilað með liðinu seinnpart síðasta tímabils kom eins og kallaður. Stefan Bonneau var byrjaður að spila mínútur og áttu þeir því að skipta þeim á milli sín. Gengi liðsins var brösótt þar sem stóra leikmenn vantaði. Þar sem reynslusamningur Stefans var útrunninn var ekki gegnið í að framlengja hann og kappinn hélt til Danmerkur.

Gunnar Örlygsson hætti sem formaður deildarinnar í desember vegna anna og tók undirritaður við. Tveir nýjir leikmenn gengu til liðsins í kjölfarið þeir Vilhjálmur Theódór Jónsson og Myron Dempsey enda vantaði liðinu ennþá hæð inni teignum. Við tók erfiður janúarmánuður en það sem uppúr stóð var að liðið sigraði topplið Stjórnunar og Tindastóls og komst úr fallsæti sem liðið var í um jólin. Veikindi og meiðsli settu stórt strik í reikningin þetta tímabilið og engin undntekning var eftir áramót. Jón Sverrisson sem hafði verið að jafna sig af meðslum var farinn að skila mínútum en slasaði sig aftur í leik gegn Haukum.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

Eftir tapleik gegn Þór Þorlákshöfn var ljóst að liðið kæmist ekki í úrslitakeppni og það í fyrsta skipti síðan 1993, gríðaleg vonbrigði en þó aðeins tveim sigurleikjum frá því að vera með heimavallarétt svo jöfn var deildin í ár. Það er því verkefni nýjar stjórnar að setja markmiðin hátt og koma Njarðvík á kortið aftur sem eitt af bestu liðum landsins bæði karla- og kvennamegin. Við eigum frábæra leikmenn í okkar liði sem og öðrum liðum bæði hér heima og erlendis. Því má þakka frábæru starfi frá yngri flokkum og allt upp í meistaraflokk. Við eigum einnig kraftmikið fólk sem leggur á sig mikla vinnu svo liðin geti spilað á meðal þeirra bestu.

Að lokum vil ég sem fráfarandi formaður þakka öllum þeim sem komu nálægt starfinu, leikmönnum, þjálfurum, sjálfboðaliðum, stjórnarfólki og ekki síst áhorfendum fyrir tímabilið. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

Róbert Þór Guðnason  
formaður

### Skýrsla unglíngaráðs kkd. UMFN 2016

Starfsemi Unglíngaráðs var að venju með hefðbundnum hætti tímabilið 2015-2016 en í unglíngaráði sitja 12 aðilar og þar af eru 3 fyrrverandi formenn Kkd. UMFN.

Iðkenda fjöldi hefur aukist jafn og þétt á síðustu árum, ekki síst hjá stúlkunum og voru iðkendur rúmlega 250 þetta tímabil. Þess má geta að Njarðvík er eina félagið með fleiri stúlkur en drengi skráða sem þátttakendur.

Stærstu verkefni Unglíngaráðs fyrir utan hefðbundið mótahald og æfingar eru rekstur sjoppu á öllum leikjum meistaraflokkanna og fjölliðamótum ásamt framkvæmd á stærsta körfuboltamóti landsins sem er Nettómótið með yfir 1200 þáttakendum, umsjón með sölutjaldi á 17. júní hátíðarsvæði bæjarins og umsjón með skipulagi á hátíðarsvæði Ljósanætur sem eru samstarfsverkefni með unglíngaráði kkd Keflavíkur.

Logi Gunnarsson tók við sem yfirþjálfari Unglíngaráðs árið 2014 og hóf því sitt annað tímabil sem slíkur á árinu. Aðrir þjálfarar yngri flokka eru Agnar Mar Gunnarsson, , Gísli Gíslason, Bylgja Sverrisdóttir, Jóhannes Kristbjörnsson, , Eygló Alexandersdóttir, Ásgeir Guðbjartsson,



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

Hermann Ingi Harðarson, Adam Eiður Ásgeirsson og Halldór Karlsson ásamt fjölda aðstoðarþjálfara.

Erlendur leikmaður kvennaliðs meistaraflokks, Carmen Thyson Thomas, þjálfaði einn unglingsflokk kvenna hluta tímabilsins með aðstoð Jóns Hauks Hafsteinsonar.

Styrktarþjálfarinn Ólafur Hrafn Ólafsson starfaði eins og undanfarin ár við styrktarþjálfun krakkanna.

Tilraun var gerð með æfingar fyrir leikskólahóp á árinu og var skráning mjög góð í hann.

Sumaræfingar eru löngu orðnar fastur liður í starfinu, með aðstoð bæjaryfirvalda, og voru þær í umsjón Loga Gunnarssonar sem hafði jafnframt nokkra aðstoðarþjálfara sér til fulltingis og einnig við þjálfun afrekshóps.

Kkd. UMFN átti 11 iðkendur sem valdir voru í úrtökuhópa yngri landsliða og voru þar sex einstaklingar sem síðan voru valdir í landslið í sínum aldursflokkum. Einnig áttum við einn þjálfara, Bylgju Sverrisdóttur en hún var aðstoðarþjálfari hjá U18 ára kvennaliðinu.

Við eignuðumst bikarmeistara í drengjaflokki og vorum með 3 lið í úrslitahelgi Íslandsmóts yngri flokka.

Að lokum eru það Áslaugar- og Elfarsbikarinn en þeir bikarar eru afhentir efnilegustu leikmönnum félagsins í yngri flokkum og jafnframt þeim sem eru fyrirmyndir fyrir yngri leikmenn utan sem innan vallar. Áslaugarbikarinn hlaut Júlía Scheving Steindórssdóttir leikmaður í stúlkna- og meistaraflokki félagsins og Elfarsbikarinn hlaut Adam Eiður Ásgeirsson leikmaður í drengja og meistaraflokki

F.h. Unglingaráðs Kkd. UMFN

Hafsteinn Hilmarsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

### 3.3. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild

#### Skýrsla stjórnar Massa 2016

Árið 2016 fór vel af stað hjá okkur í Massa. Í janúar og febrúar var boðið upp á laugardagsæfingar sem fóru fram undir stjórn Grétars Hrafnssonar Landsliðsþjálfara.

Í mars héldum við tvö mót. Annars vegar vorum við beðin um, með skömmum fyrirvara, að halda Byrjenda og lágmarkamót ásamt dómaraþrófi. En án mikillar fyrirhafnar og tilkostnaði redduðum við því í góðra manna hópi eins og ekkert væri. Hins vegar héldum



við Íslandsmeistaramót íþróttabandalags fatlaðra. Það var glaður og þakklátur hópur keppenda sem fagnaði að móti loknu og var þetta eitt skemmtilegasta mót við sem höfum haldið í Massa.

En það sem stendur upp úr í mótahaldi þetta árið er þó þegar við héldum næst stærsta bekkpressumót í heimi dagana 18. - 20. ágúst.

Kröfurnar og regluverkið í kringum mótið var meira en við höfum mátt venjast. Mikil vinna var lögð á fáar hendur og því lítið um svefn og andlega heilsu dagana í kringum mótið.

Ýmis vandamál komu upp stór og smá en voru þau leyst fagmannlega og fumlaust. Mótið sjálf gekk eins og í sögu og keppendur ásamt fulltrúum frá Evrópska og alþjóða kraftlyftingasamböndunum lofuðu metnaðarfulla framkvæmd og umgjörð mótsins hástert. Þrátt fyrir að mótið hafi ekki skilað okkur hagnaði að þessu sinni þá gengum við stolt og sátt frá því, stútfull af reynslu og tilbúin í fleiri verkefni.





UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

Vegna Evrópumótsins var okkur boðið sérstakt tilboð frá Eleiko og EPF um kaup á tækjum og lóðum sem við nýttum okkur. Það er öruggt að segja að ekkert annað kraftlyftingafélag á Íslandi er eins vel útbúið þegar kemur að keppnisbúnaði og erum við alltaf tilbúin að bæta við okkur. En Markmið okkar fyrir komandi tíma er að hlúa að iðkendum okkar en að sama tíma viljum við stækka hópinn með nýliðanámskeiðum fyrir unglunga.

Massar tóku þátt í nokkrum mótum á árinum og ber þá fyrst að nefna landsliðskonuna okkar hana Ingu Maríu, en hún fór til Svíþjóðar í mars að keppa á Norðurlandamóti unglunga. Inga María sigraði í -84 kg flokki en hún lyfti 350 kg í samanlögðu. Halldór Jens varð Íslandsmeistari í bekkpressu í -93 kg flokki þar sem hann lyfti 160 kg. Hörður okkar hélt áfram að sópa upp metunum í öldungaflokki og varð hann Íslandsmeistari í -74 kg flokki í M2. Hákon Stefánsson keppti fyrir hönd Massa á Íslandsmeistaramóti á Akureyri í mai og hafnaði í 2.sæti í -120kg flokki þar sem hann lyfti samtals 700 kg.

Það er okkur í stjórn Massa efst í huga óendanlegt þakklæti til þeirra sem hafa fórnað sér í stangarvörslu og aðra starfsemi í kringum mótin okkar. Ykkar framlag er ómetanlegt. Þetta væri ekki hægt án ykkar. Þið vitið hver þið eruð!

### **Stjórn Massa árið 2016**

Formaður: Gunnlaug F. Olsen

Gjaldkeri: Ellert Björn Ómarsson

Ritari: Hákon Stefánsson

Meðstjórnendur: Stefán Sturla Svavarsson

Ásmundur Rafnar Ólafsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

### 3.4. Sunddeild

#### Skýrsla stjórnar Sunddeildar UMFN starfsárið 2016

Árið 2016 var frábært ár hjá sunddeildinni en árið einkenndist svo sannarlega af sigrum. Sameiginlegt lið sunddeilda Njarðvíkur og Keflavíkur undir merkjum ÍRB var sigursælt með eindæmum á árinu. Við unnum AMÍ, Bikar karla og kvenna í 1. deild og Bikar kvenna í 2. deild. Við unnum flesta titla sem nokkru sinni hafa unnist á ÍM25 af einu liði. Við settum fjöldann allan af Íslandsmetum og aldursflokkametum. Við áttum flesta Íslandsmeistaratitla í íþróttagreinum innan ÍRB. Við áttum Íþróttamann Reykjanesbæjar, Íþróttakonu Reykjanesbæjar og Íþróttamann fatlaðra í Reykjanesbæ.

Árangurinn má ekki síst þakka frábærum þjálfarahóp. Við erum afar stolt og þakklát fyrir að geta boðið upp á svo góða þjálfara. Yfirþjálfari er Steindór Gunnarsson en auk Steindórs starfa hjá okkur Eðvarð Þór Eðvarðsson sem þjálfar Framtíðarhóp, Helena Hrund Ingimundardóttir sem þjálfar í Vatnaveröld, Hjördís Ólafsdóttir sem þjálfar alla hópa í Heiðarskólalaug, Júlía Scheving Steindórsdóttir sem þjálfar í Njarðvíkurskóla, Jóhanna Sigurjónsdóttir sem þjálfar í Akurskóla, Jón Ólafsson sem er þrekþjálfari elstu hópanna og Hildur Ýr Sæbjörnsdóttir sem er með Jóga fyrir Afrekshóp.

Það er alltaf nóg að gera og starfið hjá okkur er fjölbreytt. Við gefum mánaðarlega út fréttabréfið Ofurhuga þar sem áhugasamir geta fylgst með því markverðasta. Þjálfarar velja í hverjum mánuði sundmann mánaðarins í hverjum hópi og er tilkynnt um valið í fréttabréfinu. Einnig birtast þar fréttir af starfinu og helstu afrekum sundfólksins okkar. Yfirveturinn eru reglulega haldnir æfingadagar í Vatnaveröld fyrir yngstu sundmennina til þess að undirbúa þau undir þátttöku á sundmótum. Þess er gætt að sundmenn fái tækifæri til þess að keppa á mótum við hæfi bæði innanfélagsmótum og mótum sem önnur lið halda. Hóparnir gera líka ýmislegt skemmtilegt saman og má þar nefna ferð í Reykjavík þar sem farið var í ratleik og skemmtidag í íþróttakademíunni.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

Í janúar fóru elstu krakkarnir okkar í keppnisferð til Danmerkur þar sem þau kepptu á sterku sundmóti í Lyngby. Afrakstur ferðarinnar voru 17 verðlaun í heildina, þar af 6 gullverðlaun. Afar eftirtektarverður árangur hjá okkar öflugum sundfólki, sem stóð sig gríðar vel þrátt fyrir að vera í erfiðum æfingum.

Í febrúar héldum við Speedmót ÍRB í annað sinn. Mót þetta er ætlað fyrir sundmenn 12 ára og yngri og stendur eingöngu yfir í einn dag. Alls tóku tæplega 160 sundmenn frá frá fimm félögum þátt í mótinu og gekk mótið afar vel. Sundfólkið okkar stóð sig með þryði og var mjög oft á verðlaunapalli. Þetta form af sundmóti hefur mælst afar vel fyrir hjá öðrum sundliðum og stefnum við á að festa þessi mót í sessi. Hugmynd okkar er að vera með þetta mót tvisvar á ári, bæði vor og haust.

Páskamótið okkar var með sama sniði og undanfarin ár. Keppt var í 25 m greinum og allir fengu páskaegg í verðlaun fyrir þátttökuna og litlu krakkarnir verðlaunapening.

Árangurinn á Íslandsmeistaramótinu í 50 m laug 2016 var frábær hjá ÍRB. Allir bestu sundmenn landsins mættu til leiks og var mótið var mjög sterkt. ÍRB vann alls átta Íslandsmeistaratitla á mótinu og sunddeild Njarðvíkur átti tvo Íslandsmeistara en það voru þær Eydís Ósk Kolbeinsdóttir með einn titil í 1500m skriðsundi og Sunneva Dögg Roberston með einn titil í 400m skriðsundi og Íslandsmet í stúlknaflokki.

Okkar árlega Landsbankamót fór fram fyrstu helgina í maí. Mótið sem er eitt fjölmennasta sundmót landsins þótti takast afar vel. 400 sundmenn sóttu okkur heim ásamt þjálfurum, foreldrum og öðrum aðstandendum. Í kjölfarið á Landsbankamótinu héldum við síðan okkar árlega lokahóf sundráðs ÍRB þar sem bæði eru gerð upp afrek 2015 og sundársins 2015-2016. Fjölmargar viðurkenningar og verðlaun voru veitt á lokahófinu og mættu um 200 manns. Á hófinu var boðið upp á hátíðarkvöldverð, flott skemmtiatriði og dregnir voru út fjölmargir happdrættisvinningar. Mót af þessari stærð og glæsilegt lokahóf er ekki hrist fram úr erminni og við erum afar þakklát okkar frábæru foreldrum fyrir dugnað sinn við vinnu á mótinu og hófinu.

Lið ÍRB sigraði með yfirburðum í stigakeppni liða á AMÍ 2016, sem haldið var á Akranesi 24.-26. júní. ÍRB náði 576 stigum en í öðru sæti varð Sundfélag Hafnarfjarðar með 418 stig. Í þriðja sæti varð svo Sunddeild Breiðablik með 381 stig. Alls tóku 16 félög þátt í mótinu. Aldursflokkaverðlaun einstaklinga voru veitt þeim keppendum sem náðu bestum samanlögðum árangri í sínum stigahæstu greinum í samræmi við stígatöflu FINA í



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

aldursflokkum. Í flokki stúlkna með samtals 1379 stig fyrir 400m skriðsund og 100 metra skriðsund, var Sunneva Dögg Robertson úr ÍRB Aldursflokkameistari en hún var stíghæsta stúlkan á mótinu. Sigur liðsins var sögulegur en með þessum sigri varð ÍRB fyrst liða til að vinna titilinn sex sinnum í röð. Farandgripurinn sem keppt er um er frá 1992 og geymir líka fleira sögulegt en á honum sést að frá 2001 þegar ÍRB samstarfið hófst þá hefur ÍRB liðið orðið AMÍ meistari ellefu sinnum og aldrei neðar en annað sæti. ÍRB varð fyrst AMÍ meistari á árunum 2004 - 2008 og núna frá 2011 - 2016. Magnaður árangur og við ætlum okkur að halda áfram á þessari braut.

Tímabilið hjá okkur hófst snemma í ár þar sem haldið var í æfingaferð til Calella á Spáni í lok júlí. Þar æfðu Afrekshópur og Framtíðarhópur í frábæru umhverfi og nutu lífsins þess á milli. Hópurinn var í alla staði til fyrirmyndar og einkenndi gleði, dugnaður og jákvæðni ferðina sem án efa á eftir að verða lengi í minnum höfð.

Sunneva Dögg Robertson og Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, syntu á Evrópumeistarmóti unglunga í Ungverjalandi um miðjan júlí. Sunneva Dögg keppti í 100, 200 og 400m skriðsundi og Eydís Ósk keppti í 400 og 800m skriðsundi.

Hið árlega sjósund var á dagskrá á föstudeginum á Ljósanæturhelginni. Hoppað var í sjóinn úr gúmmibát við Njarðvíkurhöfn og svo var synt til skiptis í nokkrum hópum að Keflavíkurhöfn. Sjósund sem þetta væri ekki framkvæmanlegt nema fyrir frábæra aðstoð frá Björgunarsveitinni og eiga þeir miklar þakkir skyldar fyrir þeirra framlag. Við gátum varla verið heppnari með veður og hitastig sjávar og gekk sundferðin mjög vel. Á bryggjunni í Keflavík beið síðan hópur foreldra og annarra velunnara til að taka á móti hópnum með heitt kakó og kringlur.

Bikarkeppni Sundsambands Íslands fór fram hér í Reykjanesbæ um mánaðarmótin september/október og var mjög eftirminnileg. Liðið okkar afrekaði það að verða þrefaldur Bikarmeistari, en þessum árangri hefur ekkert annað lið náð áður. Við urðum Bikarmeistarar í bæði karla- og kvenna flokki í 1. deild ásamt því að verða líka Bikarmeistari kvenna í 2. deild. Liðin okkar voru hreint út sagt frábær í þessari keppni, baráttan, stemmingin, gleðin og hvatningin hjá okkar fólki skar sig úr og liðsmenn annarra félaga dáðust að stemmingunni sem ríkti hjá okkur. Strax frá fyrsta sundi sýndu liðin okkar klærnar og slökuðu hvergi á fyrr en eftir síðasta sund. Karlasveitin gerði sér lítið fyrir og setti Íslandsmet í 4 x100m skriðsundi.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

Í nóvember var svo komið að Íslandsmeistaramótinu í 25m laug í Ásvallalaug. Enn og aftur stóð liðið sig frábærlega. Tveir sundmenn náðu lágmarkum fyrir Heimsmeistaramótið, átta náðu lágmarkum á Norðurlandameistaramótið, ásamt því að fjögur Íslandsmet, ásamt tveimur aldursflokkametum voru sett af liðsmönnum ÍRB. Alls vann ÍRB 21 grein af 44 mögulegum á mótinu sem er algjörlega magnað og einstakur árangur. Ekkert sundlið í íslenskri sundsögu hefur áður unnið svona marga titla á einu Íslandsmóti. Í heildina vann liðið til 39 verðlauna á mótinu.

Eftirtaldir sundmenn Sunddeildar Njarðvíkur urðu Íslandsmeistarar:

Sunneva Dögg Robertson í 400m skriðsund, 200m skriðsund 400m fjórsund og þrjú boðsund.

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir í 1500m skriðsund, 800m skriðsund, þrjú boðsund.

Karen Mist Arngeirsdóttir í 100m bringusundi og 200m bringusundi.

Gunnhildur Björg Baldursdóttir í 200m flugsundi.

Árni Már Árnason í fjórum boðsundum.

Blandaðar sveitir ÍRB settu tvö Íslandsmet á mótinu, í 4x100m skriðsundi og í 4x100m fjórsundi Karlasveit ÍRB setti tvö Íslandsmet, í 4x100m fjórsundi og 4x100 skriðsundi.

Kvennasveit ÍRB setti Íslandsmet í stúlknaflökki (15-17 ára) í 4x200m skriðsundi. B-kvennasveit ÍRB setti Íslandsmet í meyjaflokki í 4x100m fjórsundi.

Jólastemning ríkti í Vatnaveröld 30. Nóvember en þá var jólamótið haldið. Allir sundmenn deildarinnar kepptu í 25m greinum, jólasveinar kíktu í heimsókn og gáfu mandarínu. Hið árlega jólahlaðborð stóð fyrir sínu og allir fóru saddir heim.

Norðurlandameistaramótið í 25m laug var haldið í Kolding í Danmörku. Þrjár öflugar sundkonur úr Njarðvík kepptu á mótinu. Þetta voru þær Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Karen Mist Arngeirsdóttir, og Sunneva Dögg Robertson. Með þeim í för var þjálfari þeirra Steindór Gunnarsson en hann var einn af þjálfurum hópsins sem sáu um þetta verkefni fyrir Sundsamband Íslands. Bestum árangri þeirra náði Sunneva Dögg Robertson er hún vann til bronsverðlauna í 400m fjórsundi og komst jafnframt í úrslit í fjórum af fimm greinum.

Eins og sést af þessari samantekt var þetta einstakt ár og verður okkur eflaust eftirminnilegt. Þetta er þó aðeins brot af því sem fram fór á árinu en sundmenn okkar keppa á fjölmörgum



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

mótum sem sundlið í nágretta sveitarfélögum halda. Það er mikill kraftur í starfinu hjá okkur og við erum afar þakklát fyrir metnaðarfulla iðkendur, frábæra þjálfara og duglega foreldra sem saman gera þetta lið að besta sundliði landsins.

Fyrir hönd stjórnar, Harpa Kristín Einarsdóttir Formaður Sunddeildar UMFN

Stjórn sunddeildar UMFN árið 2015-2016

Harpa Kristín Einarsdóttir formaður, Anna Steinunn Gunnlaugsdóttir varaformaður, Herdís Andrésdóttir gjaldkeri, Anna María Jónsdóttir ritari, Unnur Helga Snorradóttir meðstjórnandi, varamenn; Árni Grétar Óskarsson, Einar M. Atlason, Kristín Guðmundsdóttir, Guðrún Ósk Lange, Sigurrós Antonsdóttir.

### 3.5 Júdídeild

#### Skýrsla júdídeildar UMFN starfsárið 2016

Árið 2016 hefur verið það allra besta frá upphafi.

#### Janúar.

Í janúar fóru Reykjavík International games fram í judo í Laugardalshöllinni, sem er alþóplegt mót þar sem júdíólk frá öllum heimshornum mæta. Bjarni Darri Sigfússon varð þriðji í því móti þar sem Frakkland varð í fyrsta og Pólland í öðru sæti. Á milli viðureigna kepptu svo þeir Ægir Már Baldvinsson og Bjarni Darri í öðru móti í Backhold og Glímu. En það fór fram í Ármannsheimilinu í Laugardal þar sem fleiri Njarðvíkingar þreyttu keppni. Svo fór að Ægir varð annar í -80kg flokki unglunga í Glímu þrátt fyrir að vera aðeins 60kg og Bjarni varð þriðji í sama flokki. Halldór Matthías varð annar í +80kg flokki unglunga og Gunnar Gústav Logason kom öllum á óvart og varð þriðji í þungavigt karla í Glímu. Um kvöldið fór svo fram keppni í Backhold þar sem Ægir Már ákvað að taka þátt í þrátt fyrir að vera búinn á sál og líkama. Á þessu móti mætti skoska og sænska landsliðið. Tveir keppendur úr Njarðvík kræktu í þriðja sætið í fjórum þyngdar flokkum, það voru þau Heiðrún Fjóra og Ægir Már. Halldór Matthías var keppandi mótsins með því að sigra +80kg flokki unglunga aðeins 15 ára að aldri. Fyrsta keppnishelgi ársins gaf því Njarðvíkingum 9 alþóðleg verðalaun.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

Febrúar

Í febrúar fór fram lokamót í Íslenskri Glímu. Bjarni Darri Sigfússon hampaði þar þar fyrsta Íslandsmeistara titli Njarðvíkinga á árinu í -80kg flokki unglunga þétt á hæla honum kom Ægir Már Baldvinsson í öðru sætinu.

Apríl.

Í apríl dró til tíðinda því þá var sannkallað gullregn hjá júdódeildinni. 16. Apríl kepptu Bjarni, Ægir og Halldór á Íslandsmóti fullorðina í judo. Ægir sigraði -60kg flokk karla en Bjarni og Halldór enduðu í 5 sæti í sínum flokkum. Bjarni var ekki nógu ánægður með árangur sinn í -66kg flokknum og skráði sig í Opinn flokk karla sem er merkilegt fyrir þær sakir að engin þyngdartakmörk eru í þeim flokki og ekki er vaninn að svo léttir menn keppi í flokknum, hvað þá 17 ára kríli. Bjarni gerði sér lítið fyrir og sigraði þrjá karla og þar af voru voru þrír í -100kg flokki (Milli 90 og 100kg). Í úrslitaviðureigninni mætti hann svo Þormóði Jónssyni Ólympíufara eftir nokkra rimmu náði Þormóður að halda Bjarna í gólfinu þar til hann gafst upp. Bjarni og Ægir voru ekki búnir því að þeir voru varla búnir að kólna þá lögðu þeir af stað á Evrópumeistaramót U21 í fangbrögðum (wrestling) sem fór fram 18 apríl í Frakklandi, nánar tiltekið í Brest. Þannig fór að Ægir varð Evróðumeistari í þeim tveimur greinunum sem keppt var í og Bjarni Darri varð þriðji í backhold og annar í Gouren þar sem hann sigraði fyrrverandi Evrópumeistara í backold og Skotlandsmeistara í Judo. Og tapaði mjög naumlega úrslitaglímunni eftir að hafa verið yfir nær allan tímann.

30. Apríl var svo Íslandsmót Barna og unglunga, keppt var í aldurflokkunum 11-12 ára, 13-14 ára 15-17 ára og 15-20 ára. Þannig fór að allir krakkarnir úr Njarðvík sem voru eldri en 15 ára urðu Íslandsmeistarar í sínum þyngdarflokki. Það voru þau Heiðrún Fjóra Pálsdóttir, Bjarni Darri Sigfússon, Ægir Már Baldvinsson, Jana Lind Eggertsdóttir og Halldór Matthías Ingvarsson. Þessir krakkar kepptu einnig aldursflokk upp fyrir sig og urðu þau Ægir og Jana einnig Íslandsmeistarar í flokki U21 en þau Bjarni, Halldór og Heiðrún urðu í öðru sæti, en Heiðrún handleggsbrotnaði í úrslitaviðureigninni og neyddist til að hætta. Ingólfur Rögnvaldsson gerði sér lítið fyrr og sigraði í flokki 13-14 ára.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

### Maí

Í maí fóru Bjarni og Ægir á Norðurlandameistaramótið í Judo en Heiðrún þurfti að sitja heima eftir beinbrotið á Íslandsmótinu. Þeir kumpánar stóðu sig með þriðji á mótinu og Bjarni Darri krækti í fjórða fimmta sætið af 23 í U18 -73kg flokki en Bjarni meiddist snemma í mótinu en kláraði þó og krækti sér í alþjóða stig. Ægir datt snemma út í U18 en fékk uppreisn æru þegar hann fékk þáttökurétt í U21 hann átti nokkrar mjög góðar viðureignir en endaði í sjöunda sæti af 21.

### Ágúst

Fyrstu helgina í ágúst fór Íslenska Landsliðið í Glímu með sína bestu unglunga til að keppa í Skotlandi á Hálandaleikunum í Bridge of Allan undir minnismerki Sir William Wallace eða Braveheart. Íslensku keppendurnir stóðu sig frábærlega. Þeir Gunnar Örn Guðmundsson keppti í tveimur þyngdarflokkum í unglungaflokki aðeins þrettán ára gamall og einnig fékk hann að vera með í karlaflokki. Hann varð þriðji í sínum þyngdarflokkum og 5 í þyngri flokkunum sem og fullorðinsflokkum. Keppandi mótsins var án ef a Halldór Matthías Ingvarsson sem sigraði opinn flokk unglunga og varð þriðji í opnum flokki fullorðina á eftir Evrópumeistarunum og þjálfara sínum og liðsfélaga Guðmundi Stefáni Gunnarssyni. Guðmundur og Halldór áttust við í undanúrslitum og áttu harða rímu þar sem Guðmundur lagði Halldór á reynslunni.

Gunnar Gustav Logason fór svo í keppnisferð til Englands þar sem hann keppti á ensku meistaramótaröðinni í Backhold. Gunnar kom heim með nokkur brons og silfur.

### September

Nánar tiltekið þann 24. September var Íslandsmeistaramót Barna og unglunga haldið í Bardagahöllinni að lðavöllum 12. Yngstu keppendurnir stóðu sig með ágætum og nældu Daníel Dagur, Stefán Elías og Jóel Helgi í brons í flokki 12-13 ára. Jana Lind krækti í þriðja sætið í 70kg flokki unglungstúlkna 16-17 ára. Ægir Már Baldvinsson sigraði hvern andstæðingin á fætur öðrum en tapaði óvænt á síðustu 30 sekúndunum eftir að hafa verið yfir allan tímann í úrslitabardaganum og lenti því í 2 sæti. Halldór Matthías Ingvarsson sigraði +70kg flokk unglunga með algjörum yfirburðum og Bjarni Darri sigraði -70 kg flokk unglunga sem og opinn flokk þar sem ekki er tekið tilliti til þyngdarflokka.





UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

Október

Í október var Haustmót U21 haldið í Grindavík. Njarðvíkingar létu sig ekki vanta þar og kræktu í annað sæti liða með frábærri frammistöðu. Snævar Ingi Sveinsson vann til bronsverðlauna í U13 og Daníel Dagur og Ingólfur urðu Haustmótsmeistarar í U15. Ægir Már keppti í -66kg flokki í U18 þrátt fyrir að vera aðeins 59,8kg en þar varð hann annar. Hann tók sig saman í andlitinu og keppti upp fyrir sig í aldri og tvo þyngdarflokka þar sem hann skráði sig í -73kg flokk 20 ára og yngri. Hann sigraði þann flokk nokkuð örugglega og varð Haustmótmeistari.

22. október fóru þau Jana Lind og Ægir Már til Selfoss og kepptu á Haustmóti JSI í fullorðinsflokki. Jana stóð sig mjög vel en náði ekki í sæti að þessu sinni. En Ægir krækti í annað sætið með góðri frammistöðu þar sem hann tapaði gegn ógnarsterkum svartbeltingi frá Akureyri Dofra Vikari Bragasyni en þeir hafa eldað grátt silfur saman síðastliðin ár.

29. október fór síðan fram Íslandsmeistaramót í Íslenskri Glímu U15. Þar eignuðumst við tvo nýja Íslandsmeistara þá Jóhannes Pálsson sem sigraði 11 ára flokkinn og svo Daníel Dagur Árnason sigraði flokk 13 ára.

Desember

Heiðrún Fjóla kosin júdo og glímukona ársins 2016 og Ægir Már júdo og glímumaður 2016.

Kosning á Íþróttamanni og konu Njarðvíkur. Ægir Már var valin íþróttamaður Njarðvíkur 2016. Það er í fyrsta sinn að okkar fólk fær þann titil og erum við mjög stolt af honum eins og öllu okkar iðkenndum.

Júdo og glímukona Reykjanesbæjar valin og var það Heiðrún Fjóla sem hlaut þann titil og Ægir Már hlaut titilinn Júdo og glímumaður Reykjanesbæjar.

Gudmundur Stefán Gunnarsson  
Tlf. (0045) 7738091  
Email: gudmundurstefan@gmail.com  
Íþróttfræðingur



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

### 3.6 Þríþrautardeild

#### Skýrsla þríþrautardeildar UMFN starfsárið 2016

Þríþrautardeild UMFN hefur lokið enn einu starfsári. Nokkur fjölgun hefur orðið í öllum flokkun deildarinnar þó sér í lagi í hlaupahóp.

Mikil gróska hefur verið hjá 3N þetta árið og góð mæting á æfingar deildarinnar. Margir eru í hlaupahóp, sundhóp eða hjólahóp innan 3N en svo eru það nokkrir aðilar, sem æfa með öllum hópunum þremur. Deildin hélt sín árlegu 2 stórmót; Hjólreiðakeppni 3N um miðjan maí og Sprettþraut og Fjölskylduþraut 3N í ágúst. Meðþátttaka var í báðum mótunum, 340 manns í hjólamótinu og um 100 í seinna mótinu og tókust mótin með eindæmum vel og allir ánægðir. Snillingurinn Svanur Már Scheving var mótstjóri beggja mótanna og stóð sig eins og hetja við undirbúning, skipulag og framkvæmd mótanna.

Hlaupagarpar deildarinnar voru með í Vormaraþoni, Kaupmannahafnarmaraþoni, Snæfellsjökulhlaupinu, Laugavegshlaupinu, Vesturgötunni, Vogahlaupinu, Reykjavíkurmaraþoni Haustmaraþoni og hinum ýmsu götu- og fjallahlaupum. Nokkrir meðlimir deildarinnar kepptu í innitvíþraut og þó nokkrir í þríþrautarkeppnum innanlands og erlendis. 3N félagar voru fjölmennastir í Challenge þríþrautarkeppninni, sem er alþjóðleg keppni og var haldin í Hvalfirðinum í júlí. 3N átti 2 lið, sem unnu bæði liðakeppnina og svo tóku Heimir, Rafnkell og Klemenz þátt í einstaklingskeppninni og stóðu sig allir mjög vel og Rafnkell vann í sínum flokki. Nokkrir félagar tóku þátt í hinum ýmsu hjólreiðakeppnum. Sólbjörg Gunnbjörnsdóttir vann til 5 gullverðlauna og setti eitt Íslandsmet á Garpamóti í sundi, SH í lok apríl s.l. Solla setti Íslandsmet í sínum aldursflokk 55-59 í 100 metra skriðsundi.

Hlaupaæfingarnar hafa verið sérstaklega fjölmennar og skemmtilegar núna í ár en mjög margir eru að fara að hlaupa saman hálfmaraþon í Berlín 2. apríl 2017. 30 manna hópur er að fara til Berlínar, 23 keppendur og 7 stuðningsmenn og mikið kapp og spenningur er í hópnum.

Fjárhagur deildarinnar stendur vel og er það aðallega tekjur frá mótum deildarinnar og þorrablóti.

F.h stjórnar. Sverrir Magnússon



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

#### 4.0 Þakkarorð

Ég vil færa þakkir fyrir öllu því frábæra fólki sem komið hefur að störfum fyrir félagið. Það er ekki sjálfgefinn hlutur að sjá af tíma sínum í þessi störf og vinna ötullega að því að gera frábært félag enn betra. Megi starfssemi félagsins blómstra áfram um ókomna framtíð. Bolti gegn böli – hreysti til hagsældar  
Áfram Njarðvík!

F.h. stjórnar UMFN  
Ólafur Eyjólfsson  
Formaður

#### 5.0 Íþróttafólk og Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2016

##### 5.1. Íþróttakarl og íþróttakona UMFN 2016

Ægir Már Baldvinsson og Sunneva Dögg Friðriksdóttir

##### 5.2. Knattspyrnukarl UMFN 2016

Arnar Helgi Magnússon

##### 5.3. Körfuknattleikskarl og körfuknattleikskona UMFN 2016

Logi Gunnarsson og Björk Gunnarsdóttir

##### 5.4. Kraftlyftingarkarl og kraftlyftingarkona UMFN 2016

Halldór J. Vilhjálmsson og Inga María Henningsdóttir

##### Lyftingarkarl og lyftingarkona UMFN 2016

Emil Ragnar Ægisson og Katla Björk Ketilsdóttir

##### 5.5 Sundkona UMFN 2016

Sunneva Dögg Robertson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

#### **5.6. Júðókarl og júðókona UMFN 2016**

Ægir Már Baldvinsson og Heiðrún Fjóla Pálsdóttir

#### **Glímukarl og glímukona UMFN 2016**

Ægir Már Baldvinsson og Heiðrún Fjóla Pálsdóttir

#### **5.7. Þríþrautarkarl og þríþrautarkona UMFN 2016**

Rafkell Jónsson og Guðbjörg Jónsdóttir

### **6.0 Íslandsmeistarar UMFN 2016**

#### **6. 1. Körfuknattleiksdeild**

Sjá skýrslu stjórnar

#### **6. 2. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild**

Sjá skýrslu stjórnar

#### **6.3. Sunddeild**

Sjá skýrslu stjórnar

#### **6.4. Knattspyrnudeild**

Sjá skýrslu stjórnar

#### **6.5. Judódeild**

Sjá skýrslu stjórnar

#### **6.6. Þríþrautardeild**

Sjá skýrslu stjórnar



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

## 7.0 Heiðursveitingar

### 7.1. Ólafsbikar 2016; Halldóra Halldórsdóttir

Halldóra hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir Ungmennafélagið og þá sérstaklega í Unglingaráði. Hún hefur í mörg ár haft veg og vanda að sjoppunni, og staðið vaktina á leikjum og fjölliðamótum sem eru í tugum talið á hverju ári, var að þessu sinni veittur Ólafsbikarinn sem gefinn er til minningar um Ólaf Thordersen af fjölskyldu hans og skal veittur einstaklingi sem starfað hefur einstaklega vel fyrir félagið. Bikarinn er afhentur á aðalfundi félagsins og var fyrst afhentur 1993.

2015

Halldóra Halldórsdóttir

2014

Valþór Söring og Halldóra Lúthersdóttir

2013

Agnar Mar Gunnarsson

2012

Helgi Helgason

2011

Guðmundur Gunnarsson

2010

Halldór Rósmundur Guðjónsson

2009

Alexander Ragnarsson & Bylgja Sverrisdóttir

2008

Rafn Vilbergsson

2007

Örvar Þór Kristjánsson

2006

Logi Halldórsson

2005

Haraldur Hreggviðsson

2004

Andrés Ottósson

2003

Erlingur Rúnar Halldórsson

2002

Halldóra Húnbogadóttir



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

2001

Einar Árni Jóhannsson

2000

Ingólfur Ólafsson

1999

Freyr Sverrisson

1998

Steinunn Sighvatsdóttir

1997

Ólafur Guðbergsson

1996

Freyr Sverrisson

1995

Steindór Gunnarsson

1994

Kristinn Pálsson

1993

Leifur Gunnlaugsson

1992

Júlíus Valgeirsson

### **7.1. Gullmerki með lárviðarsveig**

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Einar Árni Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

Hilmar Hafsteinsson

### **7.2. Gullmerki**

Gullmerki UMFN fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Ómar Kristjánsson  
Björgvin Magnússon  
Ágúst Hrafnsson  
Lára Ingimundardóttir  
Guðmundur Sæmundsson  
Jón Einarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2015.

Alexander Ragnarsson  
Andrés Ari Ottósson  
Viðar Kristjánsson  
Þórunn Friðriksdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

- ❖ Erlingur Rúnar Hannesson
- ❖ Páll Kristinsson
- ❖ Ragnar Halldór Ragnarsson
- ❖ Sigmundur Már Herbertsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

- ❖ Haukur Guðmundsson
- ❖ Friðrik Pétur Ragnarsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ Friðrik Ragnarsson
- ❖ Haukur Guðmundsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

- ❖ Gunnar Örn Guðmundsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Hermann Jakobsson
- ❖ Jón Bjarni Helgason
- ❖ Ólafur Thordersen

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

- ❖ Stefán Bjarkason
- ❖ Böðvar Jónsson
- ❖ Guðmundur Snorrason
- ❖ Haukur Jóhannsson
- ❖ Gunnar Þórarinnsson –(afhent á lokahófi knattspyrnudeildar)

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

- ❖ Oddbergur Eiríksson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

- ❖ Gunnar Þorvarðarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

- ❖ Teitur Örlygsson
- ❖ Kristbjörn Albertsson

**7.3. Silfurmerki**

Silfurmerki UMFN með fyrir 15 ára frábært starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Helgi Arnarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

- ❖ Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013





UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

- ❖ Friðrik Erlendur Stefánsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ Sævar Borgarsson
- ❖ Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Alexander Ragnarsson
- ❖ Andrés Ari Ottósson
- ❖ Friðrik Pétur Ragnarsson
- ❖ Guðmundur Sæmundsson
- ❖ Júlíus Valgeirsson
- ❖ Magnús Þór Kristófersson
- ❖ Viðar Kristjánsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

- ❖ Friðrik Ólafsson
- ❖ Herbert Eyjólfsson
- ❖ Þórður Karlsson
- ❖ Þórunn Þorbergsdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

- ❖ Björn Jóhannsson
- ❖ Edda Ottósdóttir
- ❖ Haraldur Hreggviðsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ G. Elsie Einarsdóttir
- ❖ Gunnar Þórarinsson
- ❖ Haukur Guðmundsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

- ❖ Guðmundur „Brói“ Sigurðsson
- ❖ Hermann Jakobsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson
- ❖ Freyr Sverrisson

**7.4 Bronsmerki**

Bronsmerki UMFN fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Halldóra Halldórsdóttir  
Þórir Hauksson  
Haraldur Helgason

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

- Kristinn Örn Agnarsson
- ❖ Thor Ólafur Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

- ❖ Hörður Birkisson
- ❖ Sturla Ólafsson
- ❖ Sævar Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Bjarni Sæmundsson
- ❖ Friðrik Erlendur Stefánsson
- ❖ Guðni Erlendsson
- ❖ Jóhannes Albert Kristbjörnsson
- ❖ Kristinn Einarsson
- ❖ Páll Kristinsson
- ❖ Sigurður Hilmar Ólafsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR  
STOFNAÐ 1944

#### **7.4 UMFN Skjöldurinn**

Viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins

##### Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Sigmundur Már Herbertsson fyrir dómgæslu
- ❖ Helgi Helgason
- ❖ Snorri Jónas Snorrason
- ❖ Thor Ólafur Hallgrímsson

#### **8.0. Reikningar félagsins 2016**

##### **8.1 Áritun bókhaldsstofu**

#### **9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi**

##### **9.1. Sport og ævintýraskóli**